



# Námsáætlun

**JARÐ2jí05 miðönn 2020-2021**

**Kennari:** Sigurkarl Magnússon([sigurkarl@fg.is](mailto:sigurkarl@fg.is))

**Kennslugögn:** ALMENN JARÐFRÆÐI eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. IÐNÚ 2008. Ítarefni á INNU.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 16.-20. nóv.	Jarðvísindi, vísindalegar kenningar, heimsmynd ofl		
02. 23.-27. nóv.	Jörðin og myndun hennar. Kenningar um landrek, flekamörk ofl		Úrsagnareindagi 27. nóv.
03. 30. nóv.-4. des.	Myndun Íslands ofl		
04. 7.-11. des.	Jarðskjálftar	Próf 1	
05. 14.-18. des.	Bergfræði		Miðannamat Námsmatsdagar 17. og 18. des.
06. 4.-8. jan.	Kvika og hraunkvika		
07. 11.-15. jan.	Eldvirkni		
08. 18.-22. jan.	Eldvirkni	Próf 2	Námsmatsdagur 20. jan.
09. 25.-28. jan.	Útræn öfl		Imbra 27.-28. jan. Frí 29. jan.
10. 1.-5. feb.	Útræn öfl/landmótun		
11. 8.-11. feb.	Útræn öfl/landmótun	Próf 3	

## Námsmat:

Ekkert lokapróf er á önninni. Námsmatið er sem hér segir:

1. Þrjú próf gilda 60% og hvert um sig 20%.
2. Verkefni bæði einstaklings- og hópverkefni sem gilda alls 20% þar sem skilafrestur getur verið ýmist í lok tíma eða síðar.
3. Fyrirlestrar gilda 10%.
4. Skýrsla(ur) vegna námsferða gilda 5%.
5. Ástundun gildir 5%.

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 í meðaleinkunn úr hlutaprófum og 5,0 í lokaeinkunn, sem reiknuð er úr öllum námsþáttum. Aðrar einkunnir reiknast ekki með í lokaeinkunn ef meðaltal prófa er undir 4,5.



**Námsmatsdagar.** Þeir eru hugsaðir sem sjúkraprófsdagar og skil verkefna sem ekki hefur náðst að klára á settum tíma vegna veikinda eða annarra lögmætra forfalla. Aðeins nemendur sem hafa **skráð veikindi eða leyfi** á Innu fá að taka sjúkrapróf sem haldin eru næstu námsmatsdaga eftir próf.

**Próf/sjúkrapróf.** Ef nemandi kemst ekki í próf vegna veikinda eða annarra forfalla ber honum að tilkynna það á skrifstofu skólans samdægurs.

**Verkefnaskil.** Verkefnum skal skilað fyrir auglýstan skilafrest sem birtur er á Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast í þrjá daga. Eftir það er ekki tekið við verkefninu og nemandi fær einkunnina 0. Sum verkefni eru tímaverkefni og þeim skal skilað í lok kennslustundar. Ekki er tekið á móti verkefnum í tölvupósti. Nemandi sem sannarlega getur ekki skilað verkefnum á réttum degi vegna veikinda eða annara lögmætra forfalla skal tilkynna kennara það FYRIR skilafrest og verður þá hvert tilfelli skoðað nánar.

**Tilkynningar.** Nemandi skal skoða Innu reglulega og fylgjast með sérstökum tilkynningum frá kennara er varðar heimanám, próf, skilafrest verkefna eða annað.

**Námsferð(ir).** Mætingarskylda áskilin og skýrsla(ur) gerðar. Nánari upplýsingar hjá kennara.

**Ritstuldur:** Reglur um ritstuld gilda fyrir allt sem skilað er, stærri og minni verkefni, skýrslur, próf og ritgerðir. Öll tilvik þar sem hluti eða heild texta í skýrslu, verkefni eða öðru er tekinn beint úr bók, af vefsíðu, úr verkefni annars nemanda eða annars staðar frá teljast ritstuldur. Einkunnin núll er gefin fyrir verkefni sem eru að hluta eða heild ritstolin. Skili tveir (eða fleiri) nemendur nákvæmlega sama verkefni þegar um einstaklingsverkefni er að ræða deilist einkunnin á nemendurnar. Til dæmis: Kalli og Valli skila sama verkefninu og fá einkunnina 8 fyrir verkefnið. Fær þá hvor þeirra 4 fyrir verkefnið. Sams konar reikniregla er notuð ef ákveðinn hámarksfjöldi nemenda má vinna í hóp, en fleiri eru skráðir fyrir verkefninu

**Viðveruskráning** Athugasemdir við skráða viðveru verður að gera sem fyrst, en eigi síðar en tveimur vikum eftir kennslustund enda er gert ráð fyrir að nemendur fylgist vel með mætingu sinni á Innu og bendi kennara hið fyrsta á ef gleymst hefur að breyta fjarvist í seint. Nemandi sem ekki gerir athugasemdir við viðveruskráningu innan tveggja vikna telst samþykkur skráningunni.

**Notkun heimilda** Öllum verkefnum skal geta heimilda samkvæmt fyrirmælum kennara.

**Markmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í jarðfræði.
- mismunandi berggerðum.
- helstu gerðum landmótunar.
- helstu gerðum eldstöðva og mismunandi eldvirkni þeirra.
- innrænum og útrænum öflum. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- lesa jarðfræðikort og loftmyndir. .
- geta beitt algengustu hugtökum jarðfræðinnar og skýrt myndun og gerð landsins.
- útskýra myndun mismunandi landsvæða af völdum innrænna og útrænna afla.
- afla sér heimilda um jarðfræðileg viðfangsefni Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- leggja sjálfstætt mat á jarðfræðilegar upplýsingar.
- hafa skilning á umhverfi sínu og geti beitt lögmálum jarðfræðinnar til að þekkja mótun og myndun landslags.
- ná sér í upplýsingar, sem hann getur lagt vísindalegt mat á og miðlað til annarra.